

**Sp.**

**691. Tillaga til þingsályktunar**

[184. mál]

um námslána sjóð.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa fyrir næsta reglulegt þing frv. til laga um lána sjóð, er veiti lán íslenskum námsmönnum, er nám stunda erlendis.

**Greinargerð.**

Um veitingu námsstyrkja af opinberu fé er þeirri reglu yfirleitt fylgt að veita engum styrk lengur en um fjögurra ára skeið. Fjöldi námsmanna nýtur þó styrks um skemmri tíma, og margir fá engan námsstyrk.

Flestar greinar háskólanáms, a. m. k. á Norðurlöndum og víðar í Evrópu, krefjast 5 ára náms og nokkrar jafnvel lengri námstíma. Er því auðsætt, að flestum íslenskum námsmönnum, sem slíkt nám stunda, reynist róðurinn örðugur undir lokin. Langfæstir þeirra eru svo staddir, að þeir komist hjá því að stofna til verulegra skulda. Þess eru einnig mörg dæmi, að efnilegir námsmenn, sem lokið höfðu meginhluta náms síns, hafi orðið að hætta námi sökum fjárskorts.

Vegna hinna miklu útgjalda, sem nú hafa hlaðizt á þá ísl. námsmenn, sem stunda nám í Ameríku og Sviss, er t. d. svo ástætt um þá, að enda þótt fæstir þeirra hafi enn eytt fjórum árum í nám sitt þar, hafa allmargir þeirra orðið að stofna til mikilla og þungbærra skulda, í flestum tilfellum með óhagstæðum vaxta- og greiðslukjörum.

Til þess að fá nokkra bót ráðna á vandkvæðum þeirra námsmanna, sem nám stunda erlendis, teljum við æskilegt, að stofnaður verði sérstakur sjóður, er fengið yrði það hlutverk að veita íslenskum námsmönnum í öðrum löndum hagstæð námslán, einkum þó þeim, sem stundað hafa langt háskólanám, en eiga skammt eftir til lokaprófs.

Fyrir nálega þrjátíu árum var stofnaður lána sjóður við Háskóla Íslands. Sá sjóður er einungis ætlaður stúdentum háskólans hér. Ársvextir af lánum úr sjóði þessum hafa verið 3½%. — Reynsla sú, sem fengið hefur af starfsemi lána sjóða stúdentna hér á landi og víða erlendis, sýnir, að telja má til hreinna undantekninga, að slík námslán endurgreiðist eigi skilvíslega og að fullu.

Verði stofnaður slíkur lána sjóður, er hér um ræðir, teljum við, að í framtíðinni mætti að verulegu leyti draga úr veitingu óafturkræfra námsstyrkja af opinberu fé.